



Lýðheilsuping að vori, um lækningar og lýðheilsu

Lilja Sigrún Jónsdóttir

varaformaður lýðheilsuráðs LÍ

Lýðheilsuping lýðheilsuráðs Læknafélags Íslands (LÍ) var haldið þann 14. maí síðastliðinn. Læknum bauðst að koma með tillögur að efni auk þess sem Ölmur Dagbjörtu Möller heilbrigðisráðherra var boðið á þingið. Þar talaði hún undir yfirskriftinni *Mikilvægi lýðheilsu, oft var þörf en nú er nauðsyn*. Hún bar kveðju Maríu Heimisdóttur landlæknis sem var fjarverandi. Dagur B. Eggertsson alþingismaður og fyrrverandi borgarstjóri Reykjavíkur flutti erindið *Að skapa heilsuborg – hvað hefur pólitík með lýðheilsu að gera?*

Efnistöð annarra fyrirlesara voru á mjög breiðum grunni. Hans Jakob Beck lungnalæknir talaði um lýðheilsu á tímum pólitískrar óvissu í heiminum. Arnar Hafsteinsson íþróttafraeðingur kynnti rannsóknarverkefni um sérhæfða þjálfun með tilliti til vöðvauppbyggingar meðal aldraðra á Landakoti.

Héðinn Sigurðsson heimilislæknir fór yfir samanburð á örorkubyrði vegna umferðarslysa á Íslandi og í Danmörku þar sem skilgreining á þaki á örorku við 15% skerðingu starfsgetu hefði afdrifarík áhrif á umfang bótagreiðslna. Sigurðis Haraldsdóttir krabbameinslæknir fór yfir hve þekking á umfangi krabbameinsáhrættu sem fylgifiski áfengisneyslu hafi styrkt í seinni tíð og taldi að fólk væri ekki meðvitað um skaðsemi jafnvel „hóflegar“ drykkju. Arna Guðmundsdóttir innkirtlalæknir fjallaði um hve útbreidd regluleg áfengisneysla er á meðal aldraðra sem svo þola mun verr áfengi þegar líkaminn eldist. Þannig valdi áfengisneysla meiri skaða. Hennar erindi bar yfirskriftina: *Á að banna áfengi eftir áttrætt?*

Gerður var góður rómur að fyrirlestrum og í þeim komu fram dæmi um verkefni eða úrlausnir sem ýmist eru þegar

að skila bættri heilsu eða gætu bætt heilsu og sparað fé fyrir samfélagið og/eða heilbrigðiskerfið.

Steinunn Þórðardóttir formaður LÍ sat fundinn og tók þátt í pallborðsumræðum ásamt fyrirlesurum að Héðni undanskildum. Steinunn lagði út af því hve samstarf milli ólíkra hópa lækna á sviði lýðheilsu sé mikilvægt og að þessi vettvangur sýndi það. Mörg mál voru tíunduð í pallborði, svo sem mikilvægi lýðheilsuáttáttar á frumvörp til laga og í tengslum við umræðu um áfengisneyslu var einnig minnst á einmanaleika og ójöfnuð sem skaðvalda þegar kemur að heilsu og ekki síst aldraðra. Það var ánægjulegt að finna hljómgrunn meðal lækna, þingmanna og annarra gesta fyrir auknu samtali um verkefni á sviði lýðheilsu, á vettvangi Læknafélags Íslands.



Ritstjórnin samankomin, frá vinstri Geir Hirlekar, lyf- og hjartalæknir, Helga Ágústa innkirtlalæknir og ritstjóri Læknablaðsins, Oddur Ingimarsson, geðlæknir, Ólöf Jóna Elíasdóttir, taugalæknir, Lilja Sigrún Jónsdóttir, heimilislæknir og Sigurður Sverrir Stephensen, barna- og barnahjartalæknir. Mynd/RS

Vinnufundur ritstjórnar Læknablaðsins

■ ■ ■ Rósa Steinunn Solveig Sturludóttir

Eins og alltaf, er líf og fjör í kringum útgáfu Læknablaðsins og að nægu að huga hjá starfsfólki. Ritstjórn hélt sinn árlega vinnufund á dögunum því nauðsynlegt er og gott að hrista sig aðeins saman og fara í hugmyndavinnu hvað blaðið varðar. Ritstjórn er glöð og þakklát með það hvað íslenskir læknar hafa verið duglegir að senda metnaðarfullar rannsóknir og fræðigreinar sem og annað efni inn til birtingar.

Fundurinn var góður, en meðal þess sem áorkað var, var að uppfæra leiðbeiningar á síðu blaðsins fyrir höfunda efnis sem sent er inn. Í náinni framtíð dregur til tíðinda og stórar breytingar hvað varðar vefsíðu blaðsins. Spennandi tímar eru framundan hjá Læknablaðinu og dyggum lesendum þess. Meira um það síðar.

Vill stuðla að rafrænni sjúkraskrá á landsvísu

María Heimisdóttir var skipuð í embætti landlæknis fyrr á árinu til fimm ára. Læknablaðið spurði hana um helstu markmið í nýju starfi og hvernig hún horfir á hlutverkið úr frá fyrri reynslu

■■■ Olga Björt Þórðardóttir

María hefur komið víða við bæði hjá opinberum aðilum og einkafyrirtækjum hér heima og erlendis. „Almennt séð held ég að sú yfirsýn sem ég hef öðlast á heilbrigðiskerfinu okkar sé það sem mun gagnast best í starfi landlæknis.“ Hún nefnir lærdómsríkan tíma hjá Íslenskri erfðagreiningu, í alþjóðlegu umhverfi að nýsköpun í vísindastarfi. Einnig við gæða-, öryggis- og þróunarmál víðar. „Svo er það þróun rafrænnar sjúkraskrár og annarrar klínískrar upplýsingatækni, reynsla af samningagerð bæði frá SÍ og LSH við innlenda og erlenda aðila. Öll mín störf hafa falið í sér mjög mikið samstarf við lækna og annað fagfólk úr fjölmörgum stéttum hér heima og erlendis og sá lærdómur er líklega mikilvægastur af öllu.“

Býsna viðfeðmt hlutverk

María segir hlutverk landlæknis í meginatriðum vera að veita yfirvöldum, fagfólki og almenningi ráðgjöf í heilbrigðismálum, annast forvarnir, heilsuefingu og efla lýðheilsu, vinna að gæðapróun, sinna kvörtunum, eftirlit með heilbrigðisþjónustu, veita heilbrigðisstéttum starfsleyfi, stuðla að viðeigandi menntun heilbrigðisstétta og rannsóknnum á starfssviðum embættisins, bera ábyrgð á framkvæmd sóttvarna og safna og vinna úr gögnum um heilsufar og heilbrigðisþjónustu. „Þetta hlutverk er því býsna viðfeðmt,“ segir hún og segist telja að gæði og öryggi eigi að vera í fyrirrúmi í öllum störfum. „Þess vegna er lykilatriði

að nýta sem best gagnreynda þekkingu, hvort sem er í formi klínískra leiðbeininga eða annarra verkfæra sem styðja okkur við ákvarðanatöku bæði í klínísku starfi en einnig í stefnumótun og áætlanagerð.“

Mikil sóknarfæri í snjalllausnum og gervigreind

Þá segist María brenna fyrir forvörnum og lýðheilsu og telur íslenskt samfélag hafa mikið að sækja á þau mið, ekki síst forvarnir meðal barna og unglinga, til dæmis vegna geð- og fíknisjúkdóma, tengslavanda, óhóflegrar skjánotkunar og vaxandi notkunar á nikótínþúðum. „Nágrannalöndin eru líka að kljást við þetta og það er mikilvægt að vinna saman að lausnum á grunni gagnreyndrar þekkingar. Einnig má nefna mikil sóknarfæri á sviði heilbrigðisþjónustu, s.s. samþætta rafræna sjúkraskrá, snjalllausnir fyrir sjúklinga og fagfólk, fjarheilbrigðisþjónustu og nýtingu gervigreindar og stórgagnavinnslu til að bæta öryggi og gæði en ekki síður til að nýta betur tíma lækna og heilbrigðisstarfsmanna almennt.“

Fagfólk í heilbrigðisþjónustu takmörkuð auðlind

María tekur fram að sé mikilvægt sé að auka svigrúm embættisins til að sinna lögbodnu eftirliti með heilbrigðisþjónustu. „Það er mikilvægt að hafa í huga að tilgangur eftirlits er að styðja við gæði



María Heimisdóttir landlæknir. Mynd/OBP

og öryggi í þjónustu og mín reynsla er að almennt er fagfólk mjög fylgjandi því að eftirliti sé sinnt, við berum jú öll hag sjúklinga fyrir brjósti. Hvað verkefni heilbrigðiskerfisins almennt varðar vil ég að tekið verði höndum saman um að tryggja heilsu og velferð barna og ungmenna og gera bragarbót á þjónustu við aldraða, þar þarf líka að huga að geðrænum vanda sérstaklega og svo þurfum við einnig að gera betur hvað uppbyggingu fyrsta stigs þjónustu snertir.“

Aðspurð segist María sannarlega ætla að gera allt sem í hennar valdi stendur til að stuðla að uppbyggingu rafrænnar sjúkraskrár á landsvísu til að tryggja greiðan aðgang að þeim gögnum sem læknar og annað fagfólk þarf hverju sinni. „Fagfólk í heilbrigðisþjónustu er takmörkuð auðlind og við verðum að tryggja sem besta nýtingu hennar í þágu sjúklinga og stuðla að vellíðan og ánægju í starfi.“



Björn Guðbjörnsson, prófessor í gígatrlæknigum og Freyja Jónsdóttir, klínískur lyfjafræðingur. Mynd/Borkell.

Heiðursvísindamaður og Ungur vísindamaður Landspítala 2025

Ár hvert útnefni Landspítali Heiðursvísindamann og Ungan vísindamann ársins. Í apríl voru þau Björn Guðbjörnsson prófessor gígatrlæknir og Freyja Jónsdóttir klínískur lyfjafræðingur útnefnd. Í þessu tölublaði er viðtal við Heiðursvísindamann Landspítala 2025. Freyja Jónsdóttir er Ungur vísindamaður Landspítala 2025. Hún lauk framhaldsnámi í klínískri lyfjafræði við University College London 2012 að loknu lyfjafræðinámi við Háskóla Íslands og doktorsnámi við Háskóla Íslands undir handleiðslu Martins Inga Sigurðssonar prófessors við Læknadeild og yfirlæknis í svæfinga –og gjörgæslulækningum og Önnu Bryndísar Blöndal lyfjafræðings og dósents við Lyfjafræðideild.

Læknablaðið óskar þeim báðum innilega til hamingju.